



Berist bæjar- og sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga BsVest

Táلكnafjörður 12. maí 2023

Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, BsVest, 2023.

Boðað er til aðalfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, Bs.Vest. Fundur fer fram sem fjarfundur í gegnum Teams miðvikudaginn 31. maí 2023 og hefst kl. 15:00. Rafrænn hlekkur á fundinn verður sendur þegar nær dregur.

Dagskrá fundarins er í samræmi við 11. gr. samþykktar þess og er eftirfarandi:

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
4. Starfsáætlun komandi árs.
5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára samræmi við 5. gr. þessarar samþykktar.
6. Laun og þóknun stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykkt byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Um að sæti á aðalfundi BsVest gildir eftirfarandi í samræmi við 10. gr. samþykktar byggðasamlagsins:

Á aðalfundi byggðasamlagsins eiga sæti:

- a) Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.
- b) Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201-500 íbúa.
- c) Þrír fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501-1.000 íbúa.
- d) Sveitarfélag með yfir 1.000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.

e) Stjórnarmenn byggðasamlagsins og framkvæmdastjórnar aðildarsveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.

Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. janúar yfirstandandi árs.

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri fulltrúa sem sækja aðalfund. Sveitarstjórn skal senda byggðasamlaginu tilkynningu um kjör fulltrúa á aðalfund. Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, sjá þó 11. gr. vegna breytinga á samþykkt.

Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórnar aðildarsveitarfélaga. Varafulltrúar skulu tilnefndir úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Um kosningu fulltrúa fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum sem hafi málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar BsVest,

Ólafur Þór Ólafsson
formaður stjórnar